

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Einars Guðmundssonar á Vatnsleysu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 178
13. september 1945. 13. sept.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Einars Guðmundssonar á Vatnsleysu.

1. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

2. gr.

Vextir leggjast allir við höfuðstólinn, þar til er þeir nema 250 — tvö hundruð og fimmtíu — krónum á ári, en síðan einn fimmtí hluti, þar til er þeir nema 1000 — eitt þúsund — krónum á ári, þá einn tíundi hluti upp frá því.

3. gr.

Því af vöxtunum, sem eigi er lagt við sjóðinn, skal verja til að styrkja efni-
leg ungmenni, 17—25 ára að aldri, til náms við einhvern alþýðuskóla hér á landi, kennaraskóla, gagnfræðaskóla, bændaskóla, lýðháskóla, kvennaskóla eða hverjum öðrum nöfnum, sem þeir skólar kunna að nefnast, sem ætlaðir eru til alþýðu-
menntunar hér á landi.

4. gr.

Stjórn fræðslumála í Biskupstungnahreppi hefur stjórn sjóðsins á hendi og veitir styrk úr honum. Þeim einum má styrk veita af sjóðnum, sem heima eiga í Biskupstungum, og skulu þau ungmenni ganga fyrir, er foreldrar hafa eigi efni á að kosta til náms, séu þau jafnvel hæf til náms, sem hin. Upphæð styrksins skal miða við það, að hann sé hlutaðeiganda nægilegur til dvalar við skólann, að því viðbættu, sem hann kann að geta unnið sér inn sjálfur þann tíma árs, sem skól-
inn stendur eigi. Halda skal áfram að veita þeim styrk, sem eitt sinn hefur hlotið svo lengi sem hann þarf til þess að geta lokið námi við þann skóla, er hann hefur kosið sér í upphafi, svo framarlega sem hann hefur eigi sýnt sig ómaklegan styrks-
ins, að dómi hlutaðeigandi skólastjóra og fræðslustjórnar hreppsins (Biskups-
tungna).

5. gr.

Þegar ársvextir eru orðnir svo miklir, að nægir 6 — sex — ungmennum til þess náms, er að framan greinir, má verja því, sem umfram verður, til að styrkja efnilega menn, er áður hafa lokið námi hér á landi, til að leita sér frekari mennt-
unar í sömu átt við skóla erlendis, þó eigi lengur en tvö ár, og með þeim skilyrð-
um, sem áður eru sett í 3. og 4. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um, að ákvæði skipulagsskrár þessarar séu birt al-
menningi í hreppnum, svo sem nægir til þess, að enginn þurfi að verða af styrkn-
um fyrir þá sök, að eigi viti hann, að styrksins er kostur. Verði samt sem áður eigi svo miklu útbýtt af vöxtunum eitthvert ár sem hér er gert ráð fyrir, skal leggja afganginn við höfuðstólinn.

Vatnsleysu, 1. sumardag (23. apríl) 1908.

Einar Guðmundsson.